

REGLUGERÐ

um störf lóðaskrárritarans á Akureyri.

1. gr.

Bæjarstjórn skipar lóðaskrárritara til þess að leysa úr sérhverju því atriði, sem upp kann að koma viðvíkjandi línu- og flatarmáli lóða og húsa í landi bæjarins, eins og það nú er og framvegis kann að verða. Er hann skyldugur að leysa af hendi þau verk, er koma undir starfsvið hans, hvort heldur er fyrir bæinn eða einstaklinga. Lóðaskrárritari skal vera verkfræðingur eða tæknifræðingur. Lóðaskrárritari hafi bæjarverkfræðing að yfirmanni.

2. gr.

Lóðaskrárritari skal annast útgáfu lóðarsamninga og erfðafestubrifa, svo og vottorð varðandi lóðir. Hann á enn fremur, þegar þess er krafizt, að láta bygginganefnd eða bæjarstjórn í té, allar upplýsingar um mörk lóða, eignaheimildir, kvaðir og afstöðu til gatna og nágrannahúsa.

3. gr.

Lóðaskrárritari á að halda hina lögboðnu lóðaskrá. Í hana á þegar markasetningu lóða er lokið, smám saman að færa inn allar lóðir með númerum, samkvæmt því númerakerfi sem fyrirhugað er að taka upp fyrir landið í heild. Af hverri lóð skal vera uppdráttur og sýni hann afstöðu lóðarinnar til nágrannalóðanna og grunnflöt allra húsa á henni. Í lóðaskránni skal enn fremur vera lýsing merkja, flatarmál lóðarinnar, byggðrar og óbyggðrar og nafn eiganda. Sömuleiðis skulu gerðir uppdrættir á erfðafestulöndum, er sýni stærð þeirra, lögun og legu. Staðfest eftirrit úr lóðaskránni er mælingabréf viðkomandi lóðar.

4. gr.

Ef skrásettri lóð skal skipt í hluta, tvo eða fleiri og bygginganefnd hefur gefið samþykki sitt, skal mæla hana á kostnað beiðanda og færa í lóðaskrána. Áður en þinglýst er skjali eða skjölum um skiptingu lóða eða um eigendaskipti að lóð og erfðafestulandi, skal lóðaskrárritarinn rita vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að breytingarinnar sé getið á lóðaskrá, í lóðamerkjabók eða skrá um erfðafestulönd.

5. gr.

Lóðaskrárritari skal láta í té allar þær upplýsingar um lóðir og hús, er með þarf, til þess að reikna út þá skatta, er byggjast á stærð þeirra og skal hann árlega ganga frá fasteignagjaldskrá í samráði við bæjarritara.

6. gr.

Lóðaskrárritari skal sjá um að gera hlutakort af bænum í Mkv. 1:500 eins og hann nú er og kann að verða og annast breytingar og viðhald þeirra. Kortin skulu vera samkvæmt því númerakerfi sem fyrirhugað er að taka upp fyrir landið í heild.

7. gr.

Lóðaskrárritari skal sjá um, að götur og hús í bænum séu greinilega merkt. Lóðaskrárritari skal sitja fundi bygginganefndar. Lóðaskrárritari sé yfirmaður umsjónarmanns landeigna bæjarins.

8. gr.

Lóðaskrárritari skal hafa náð samstarf við byggingafulltrúa, verkfræðing mælingadeildar og starfsmenn skipulagsins og vinna með þeim ef ástæður hans leyfa og bæjarverkfræðingur óskar þess.

9. gr.

Fyrir þau störf, er lóðaskrárritari vinnur fyrir einstaka menn, skal greiða í bæjarsjóð sem hér greinir:

- a. Fyrir útmælingu og merkingu nýrrar lóðar og byggingar, svo og ákvörðun gólfhæðar greiðist fast gjald, kr. 1500.00.
- b. Fyrir aukamælingar nýrra lóða og bygginga, svo og aukamælingu á gólfhæð, greiðist kr. 500.00 fyrir hverja mælingu fyrir sig.
- c. Fyrir merkingu og mælingu lóða eða lóðarhluta eða skiptingu lóða, greiðist kr. 500.00.
- d. Fyrir uppdrátt, án sérstakrar mælingar og afrit úr lóðaskrá greiðist kr. 100.00.
- e. Fyrir áritun um eigendaskipti greiðist kr. 50.00.
- f. Fyrir önnur störf lóðaskrárritara greiðist skv. ákvörðun hans í hvert skipti.

10. gr.

Bæjarstjórn endurskoðaði gjaldskrá þessa árlega.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 6. gr. laga nr. 16 9. febrúar 1951, til að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um störf lóðaskrárritarans á Akureyri nr. 34 15. marz 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 2. janúar 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um nýja lyfjaverðskrá I

Frá og með 20. janúar 1969 gengur í gildi ný lyfjaverðskrá I og fellur þá jafnframt úr gildi lyfsöluskrá I frá 1. marz 1963 með áorðnum breytingum.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 1969.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.